

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

Faglegar kröfur til framhaldsskólakennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda og breytingar á starfsumhverfi þeirra¹

Unnið á vegum samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Framhaldsskólastigið

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda setti niður starfshópa vorið 2017 til að lýsa hvernig staðið er að starfsþróun fagstétta í skólakerfinu og greina þær breytingar sem sjá má í starfsumhverfi skóla og kennara undanfarin ár. Þessari vinnu er ætlað að byggja undir tillögur samstarfsráðsins um þann stuðning eða stoðkerfi sem þarf að vera fyrir hendi svo starfsþróun fagstétta í skólakerfinu sé í takt við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra úr ýmsum áttum.

Ljóst er að starfsþróun kennarastétta byggir fyrst og síðast á fagvitund og faglegum metnaði þeirra sjálfra, en þarfir fyrir starfsþróun má einnig rekja til aðgerða stjórnvalda, setningar laga og reglna, stefnu sveitarfélaga og innlendra sem alþjóðlegra samþykka. Sumar þeirra eru settar fram á grundvelli rannsókna eða byggðar á erlendum fyrirmyndum. Síðast en ekki síst hafa viðhorf og hugmyndir samstarfsfólks kennara í menntakerfinu, nemenda og foreldra áhrif á starfsþróun þeirra.

Í þessari skýrslu er fjallað um faglegar kröfur sem gerðar eru til kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda í framhaldsskólum og um breytingar á starfsumhverfi þeirra.

Margvíslegar breytingar hafa orðið á störfum kennara, skólastjórnenda og náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum hérlendis undanfarna áratugi vegna nýrra tilmæla í lögum og reglum um skólastigið og í öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Breytingar á starfsumhverfi og störfum fagstétta í framhaldsskólum má skoða með því að rýna opinber skjöl og stefnuyfirlýsingar um skólastigið en þessi gögn fela í sér vísbendingar um breytingar sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma. Oft eru slíkir textar jafnframt staðfesting á breytingum sem þegar eru hafnar í skólasterfinu.

Breytingar í skólasterfi hafa áhrif á starfsaðstæður og fagvitund starfsmanna skólanna. Þær kallast á við þarfir fyrir fjölbætta starfsþróun til að bregðast við auknum faglegum kröfum og breytingum á starfsumhverfi og aðlaga þær að starfsemi skólanna.

Næsta verkefni samstarfsráðs er síðan að útfæra tillögur um hvaða umgjörð eða stoðkerfi við starfsþróun fagstétta skólanna þurfi að vera fyrir hendi svo að hægt sé að verða við þeim faglegu kröfum og breytingum sem hér eru raktar og um leið horft til framtíðar. Ekki er að búast við öðru en a.m.k. jafnmiklar breytingar á skólasterfi verði næstu áratuginu og hafa orðið fram til þessa.

Í þessari skýrslu er fyrst stiklað á helstu breytingum sl. 30 ár sem rekja má í opinberum skjölum stjórnvalda og samtaka kennara og stjórnenda í framhaldsskólum. Sjónum er sérstaklega beint að áherslum á síðasta áratug, 2008 – 2018. Því næst eru dregnir fram valdir efnisþættir í starfsumhverfinu sem ætla má að kalli á breytingar á aðferðum og viðfangsefnum starfsþróunar á næstu árum.

¹ Margir hafa komið að samningu þessa skjals. Ramminn var mótaður í starfi fagráðs og samstarfsráðs. Efnisgrunninn lagði Anna María Gunnarsdóttir ásamt Aðalheiði Steingrímsdóttur Jóni Torfa Jónassyni, Huldu Arnljótsdóttur, Inga Boga Bogasyni og Sigurjóni Mýrdal.

Efnisyfirlit

I.	Breytingar á starfsumhverfi kennara í tímaröð	4
A.	Eldra efni	4
	1. Lög um framhaldsskóla árið 1988.....	4
	2. „Til nýrrar aldar“ árið 1991.....	4
	3. Nefnd um mótun menntastefnu árið 1992	4
	4. Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara árið 1993	5
	5. Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996, aðalnámskrá og reglugerðir	5
	6. Lögræðislög nr. 71/1997	6
	7. Reglugerð um almenna kennarafundi í framhaldsskólum nr. 138/1997.....	6
	8. Reglugerð um eftirlit með starfi og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa nr. 139/1997	6
	9. Reglur um fornam í framhaldsskólum nr. 328/1997	7
	10. Reglugerð um námsorlof framhaldsskólakennara nr. 331/1997.....	7
	11. Reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum nr. 372/1998.....	7
	12. Reglugerð um starfslið framhaldsskóla nr. 371/1998	8
	13. „Enn betri skóli. Þeirra réttur – okkar skylda“ árið 1998.....	8
	14. Aðalnámskrá framhaldsskóla árið 1999	9
	15. Reglugerð um skipan starfsgreinaráða nr. 475/2001	9
	16. Breytt námsskipan til stúdentsprófs árin 2003 og 2004.....	9
	17. Skýrsla starfsnámsnefndar - Nýr framhaldsskóli árið 2006	10
	18. Tíu skrefa samkomulagið árið 2006.....	10
	19. Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007	11
B.	Síðasti áratugur 2008 – 2018	11
	1.Framhaldsskólalög nr. 92/2008.....	11
	2. Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla nr. 87/2008.....	12
	3. Reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku nr. 654/2009.....	12
	4. Lög um náms- og starfsráðgjöf 2008, 2009 og 2010	13
	5. Ný reglugerð um sveinspróf 2009 og 2011.....	13
	6. Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.....	13
	7. Reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010.....	14
	8. Aðalnámskrá framhaldsskóla árið 2011	14
	9. Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum nr. 230/2012	14
	10. Lög um vinnustaðanámssjóð nr. 71/2012	15
	11. Hvítbók: Umbætur í menntamálum árið 2014	15
	12. Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016	15
	13. Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum árið 2017	16

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

14. Skýrsla Ríkisendurskoðunar. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Skipulag og stjórnsýsla árið 2017 . 17

II.	Efnisþættir sem kalla á skóla- og starfsþróun.....	17
A.	Kröfur og tilmæli laga eða reglugerða	18
	1. Reglur um fagmenntun.....	18
	2. Aðalnámskrá.....	18
	3. Skólanámskrá.....	19
	4. Innra og ytra mat.....	19
	5. Hæri sjálfræðisaldur og samskipti við foreldra.....	19
	6. Menntun fyrir alla.....	19
	7. Náms- og starfsráðgjöf.....	20
	8. Forvarnir, farsæld og rödd nemenda.....	20
	9. Samþættir áfangar og samstarf.....	20
B.	Starfsmenntun - vinnustaðanáám	20
C.	Fjölmenningarumhverfi	21
D.	Gerð náms- og kennsluefnis	22
E.	Upplýsingatækni og fjórða iðnbyltingin	22
	1. Tölvur í skólastarfi og notkun netsins.....	22
	2. Námsstjórnarkerfi.....	23
	3. Þróun fjórðu iðnbyltingarinnar.....	23
F.	Nýsköpun og breytingahugsun	23
G.	Skólaþróun og rannsóknir	23
H.	Innlent og erlent samstarf	24
I.	Kjarasamningar	25
J.	Fagleg endurmenntun	25
K.	Fjárframlög til starfsþróunar	25
III.	Lokaorð.....	26

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

I. Breytingar á starfsumhverfi kennara í tímaröð

Í þessum kafla verður vísað til nokkurra stefnuskjala sem telja verður til meginheimilda um breytingar og tilraunir til breytinga á framhaldsskólanum undanfarin 30 ár.

A. Eldra efni

1. Lög um framhaldsskóla árið 1988

Fyrstu almennu lög um framhaldsskóla voru samþykkt á alþingi árið 1988. Með þeim var stigið varfærið fyrsta skref til að samræma framhaldsskólakerfið, sem spannaði bilið frá lokum grunnskóla að háskólastigi. Framhaldsskólalögin voru mótuð í anda laga um skólakerfi sem sett höfðu verið árið 1974.

Fjölbreytt skólahlald hafði þróast á þessu skólastigi á 20. öld. Hver skóli starfaði þá á sínum forsendum samkvæmt sérstökum lögum og reglugerðum. Með þessari nýju löggjöf 1988 voru felld úr gildi fjölmörg lög, s.s. um iðnfræðslu, menntaskóla, húsmæðraskóla, sjómannaskóla, hjúkrunarskóla, hótél- og veitingaskóla, samvinnuskóla, verslunarfræðslu o.fl.

Á árunum fyrir setningu laganna höfðu verið reifaðar hugmyndir um nýskipan á framhaldsskólastiginu hérlendis, m.a. undir áhrifum frá OECD. Nýir skólar voru stofnaðir þar sem reyndir voru starfshættir í anda nýju laganna, t.d. fyrst Menntaskólinn við Hamrahlíð, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og svo fjölbrautaskólar víðsvegar um land.

Aðalmarkmið nýju framhaldsskólalaganna var að skipa framhaldsskólum í eitt kerfi og leggja grunn að samstilltu kerfi með aðalnámskrá, brautaskipan, einingakerfi og samræmdum starfsaðstæðum kennara og kjörum. Hið nýja framhaldsskólakerfi átti einnig að stuðla að auknu valfrelsi nemenda og greiðu aðgengi þeirra milli námsbrauta í fjölbrautaskólum, menntaskólum, iðnfræðsluskólum og skólum sem veittu sérhæft nám á framhaldsskólastigi.

<https://www.althingi.is/lagas/120a/1988057.html>

2. „Til nýrrar aldar“ árið 1991

Árið 1991 gaf menntamálaráðuneytið út framkvæmdaáætlun í skólamálum til ársins 2000 sem ber heitið „Til nýrrar aldar“. Þar er rætt um breytt hlutverk framhaldsskóla og nauðsyn þess að auka fjölbreytni í námi þannig að allir nemendur sem lokið hafi grunnskóla geti fundið nám við hæfi í framhaldsskólum og settar fram tillögur þar um. Meiri fjölbreytni átti nú að einkenna námið, auka tengsl við atvinnu- og menningarlíf, efla námsráðgjöf fyrir nemendur, koma á starfsfræðslu og byggja upp sálfræðiþjónustu fyrir þá. Þá áttu allir nemendur að taka áfanga í listgreinum, byggja átti upp öflugt fjarnám og auka mjög framboð á námsefni og kennslugögnum. Í þessu riti koma fram nýjar faglegar kröfur til framhaldsskólakennara um getu til að kenna fjölbreytilegri nemendahópum, aukna tækniþekkingu og nýjar kennsluáferðir.

[. \(http://www.ssh.is/images/stories/Skrslur_og_tgefi_efni/Fr%C3%A6%C3%B0slu%20og%20uppeldism%C3%A1l/Til%20n%C3%BDrrar%20aldar.%20Framkv%C3%A6mda%C3%A1%C3%A6tlun%20menntam%C3%A1lar.%20%C3%AD%20sk%C3%B3lam%C3%A1lum%20til%20%C3%A1rsins%202000.pdf \)](http://www.ssh.is/images/stories/Skrslur_og_tgefi_efni/Fr%C3%A6%C3%B0slu%20og%20uppeldism%C3%A1l/Til%20n%C3%BDrrar%20aldar.%20Framkv%C3%A6mda%C3%A1%C3%A6tlun%20menntam%C3%A1lar.%20%C3%AD%20sk%C3%B3lam%C3%A1lum%20til%20%C3%A1rsins%202000.pdf)

3. Nefnd um mótun menntastefnu árið 1992

Árið 1992 skipaði Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra nefnd um mótun menntastefnu og endurskoðun á lögum um grunnskóla og framhaldsskóla og skilaði nefndin skýrslu árið 1994. Þar kemur fram að kröfur til framhaldsskólans hafi breyst mjög á síðastliðnum áratugum með ört vaxandi og fjölbreyttari nemendahóp, breyttum þjóðfélagsháttum og auknum alþjóðlegum samskiptum.

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólustjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólustjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

Þetta geri auknar kröfur til kennarastarfsins, meiri samvinnu kennara, aukna þekkingu í kennslugreinum og í almennri og greinabundinni kennslufræði, meiri færni í verkstjórn og aukinnar samskiptahæfni. Nefndin lagði meðal annars til að námstími til stúdentsprófs af bóknámsbrautum yrði stytur um eitt ár og að stefnt skyldi að styttingu í starfsnámi. Unnið yrði að auknu sjálfstæði framhaldsskóla og hlutverk og ábyrgð skólameistara og skólanefnda yrði afmarkað skýrar. Við upphaf náms í framhaldsskóla bjóðist nemendum fimm námsleiðir eftir árangri í grunnskóla: 1) starfsnámsbrautir, 2) bóknámsbrautir til stúdentsprófs, 3) almenn námsbraut til framhaldsskólaprófs með hagnýtu námi í kjarnagreinum og verklegu og bóklegu vali, 4) fornám fyrir þá sem ekki hafa náð tilskildum lágmarksnámsárangri við lok grunnskóla og 5) nám í sérstökum deildum fyrir fatlaða nemendur með nauðsynlegum stuðningi og ráðgjöf.

https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/menntastefna_1994.pdf)

4. Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara árið 1993

Haustið 1987 stofnaði mennta- og menningarmálaráðuneyti til samstarfs við samtök framhaldsskólakennara (HÍK) til að móta stefnu um endurmenntun og úthlutun fjár til endurmenntunar. Samstarfsnefndin, SEF, starfaði í nokkur ár en var skipuð formlega í árslok 1993. Aðild að nefndinni eiga nú tveir fulltrúar FF, fulltrúi FÍF, fulltrúi HÍ, auk fulltrúa ráðuneytis sem er formaður.

SEF hefur styrkt námskeið í samvinnu við faggreinafélög framhaldsskólakennara. Auk þess hefur nefndin skipulagt sumarnámskeið, vettvangsnám með vinnu og átt samstarf við háskóla um áfanga til eininga fyrir starfandi kennara. SEF styrkir einnig faggreinafélög til ráðstefnuhalds, skóla til að halda fyrirlestra og námskeið fyrir kennara auk þess að styrkja einstaklinga til að sækja námskeið tengd sinni kennslugrein innanlands sem utan. Árið 2013 færðist umsýsla sjóðsins og verkefna SEF til Rannís. Nánari upplýsingar má finna á <https://www.rannis.is/sjodir/menntun/sef/>

5. Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996, aðalnámskrá og reglugerðir

Ný lög um framhaldsskóla nr. 80 voru sett árið 1996. Lagafrumvarpið var upphaflega samið af nefnd um mótnun menntastefnu og gerðar voru á því nokkrar breytingar í kjölfar umræðna og umsagna. Meðal annars var fallið frá fækkun námsára til stúdentsprófs og öll ákvæði um lengd námstíma voru tekin út. Með lögnum var mörkuð skýr stefna um skólustarf á framhaldsskólastigi, hlutverk, skipulag og starfshætti. Aukin áhersla var lögð á almennt menntunarhlutverk framhaldsskólans auk þess að búa nemendur áfram undir störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám.

Lögð var áhersla á að koma til móts við mismunandi undirbúning nemenda fyrir nám í framhaldsskóla með því að vinna með áhugasvið, gera námsval og námsframvindu markvissara og draga úr brotthvarfi úr námi.

Framhaldsskólinn skyldi vera opinn öllum nemendum sem ljúka grunnskóla og þeim stæðu til boða námsleiðir við hæfi, bóknám, starfsnám, almenn námsbraut til framhaldsskólaprófs fyrir þá sem væru óráðnir í vali á námsbraut eða skorti undirbúning til að innritast á þá námsbraut sem þeir völdu. Sett voru inntökuskilyrði á námsbrautir svo hægt væri að taka tillit til mismunandi undirbúnings nemenda í einstökum námsgreinum.

Í lögnum var sett fram ný stefnumörkun um starfsnám, stjórnun þess og framkvæmd. Stofnuð voru starfsgreinaráð með mun virkari þátttöku aðila atvinnulífs í tillögugerð og stefnumótun og með þessu

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

skapaður vettvangur fyrir samstarf aðila atvinnulífs og skólanna m.a. um námskrárgerð í starfsgreinum og þróun og framkvæmd starfsnáms. Sett var ný reglugerð um þetta efni árið 2001.

Áhersla var lögð á aukið sjálfstæði skólanna um ákvarðanatöku í eigin málefnum í samræmi við stefnu um nýsköpun í ríkisrekstri og að styrkja stjórn þeirra. Skólameistarar urðu forstöðumenn skóla, báru ábyrgð á faglegri stjórnun, daglegum rekstri og ráðningum starfsmanna og skólanefndir fengu aukna ábyrgð á stjórnun skóla, áherslum í innra starfi og að stefnumótun væri framfylgt.

Til að gera skólastarfið sýnilegra, auka frumkvæði og ábyrgð skólafólks á mótun innra starfs skólanna og hvetja til umbótastarfs, áttu skólar í fyrsta lagi að gefa út skólanámskrá sem veitti upplýsingar um áherslur skólans og starfshætti en menntamálaráðuneyti var falið að dreifa upplýsingum um skólastarf í framhaldsskólum. Í öðru lagi voru ákvæði um reglulegt sjálfsmat starfsfólks á starfsháttum skóla sem gerði skólastjórnendur, kennara og annað starfsfólk ábyrgt fyrir því að fram færi stöðug endurskoðun á innra starfi skólans. Í þriðja lagi var lögð áhersla á stöðugt þróunar- og tilraunastarf til að efla skólastarf á framhaldsskólastigi og stofnaður var sérstakur þróunarsjóður fyrir framhaldsskóla til að hvetja til nýbreytnistarfa í skólum.

Reglubundið eftirlit stjórnvalda með skólastarfi í framhaldsskólum og árangri þess var aukið með samræmdu námsmati, ytri úttektum og miðlun upplýsinga. Með þessu var ætlast til að kennarar og skólar legðu mat á skólastarfið með faglegum hætti, rýndu í eigið starf, greindu gögn og nýttu innra og ytra mat til að bæta skólastarfið.

<http://www.althingi.is/altext/120/s/0096.html>

<http://www.althingi.is/altext/pdf/120/s/1103.pdf>

6. Lögræðislög nr. 71/1997

Árið 1997 var lögræðisaldur hækkaður í 18 ár úr 16 árum. Með lögunum varð sú breyting á starfi framhaldsskóla að stærri hluti nemenda varð ólögráða sem fól í sér kröfur um aukna upplýsingaskyldu kennara og skóla og breytt samskipti við foreldra/forráðamenn um nám, einkunnir og skólasókn nemenda.

7. Reglugerð um almenna kennarafundi í framhaldsskólum nr. 138/1997

Samkvæmt reglugerðinni skyldu kennarafundir fjalla um stefnumörkun í starfi skólans, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, skipulag starfstíma skólans á önn/hverju ári, tilhögun prófa og námsmat.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/3162>

8. Reglugerð um eftirlit með starfi og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa nr. 139/1997

Samkvæmt reglugerðinni fylgdist menntamálaráðherra með að skólar legðu reglulega mat á starfsemi sína og að utanaðkomandi aðilar gerðu úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Ráðherra léti, að eigin frumkvæði eða að ósk framhaldsskóla, fara fram úttekt á starfsemi skóla svo oft sem hann taldi þörf á. Sem lið í eftirliti með starfi framhaldsskóla gat ráðherra látið fara fram könnunarpróf í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi, m.a. í þeim tilgangi að afla upplýsinga um námsárangur og námsstöðu nemenda. Ráðherra hafði eftirlit með því að það námsefni sem notað var í framhaldsskólum væri í samræmi við markmið aðalnámskrár og teldist uppfylla gæðakröfur að mati fagaðila sem ráðherra tilnefndi. Ráðherra skyldi sjá til þess að starfsmönnum skóla stæði til boða, eftir því sem fé væri veitt til á fjárlögum, ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa. Slík ráðgjöf gat

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

falist í námskeiðum fyrir einstaka starfsmenn framhaldsskóla eða skólann í heild, aðstoð sérfræðinga sem vinna tímabundið í framhaldsskólum eða samningi við stofnun sem sinnti verkefnum á þessu sviði í þágu framhaldsskóla. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/3197>

9. Reglur um fornám í framhaldsskólum nr. 328/1997

Nemendur sem lokið höfðu grunnskóla en höfðu ekki náð tilskildum námsárangri til að fullnægja inntökuskilyrðum á einstakar námsbrautir framhaldsskóla samkvæmt lögum um framhaldsskóla gátu ekki hafið nám á þeim námsbrautum án frekari undirbúnings og var gert að fara í sérstakt fornám. Það skyldi skipuleggja sem eins árs/tveggja anna nám í framhaldsskóla. Markmið námsins var að efla þekkingu og færni nemenda í bóklegum og verklegum námsgreinum þannig að þeir gætu hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla og veita nemendum markvissan stuðning og ráðgjöf um nám og störf. Markmið námsins, námsskipulag og leiðbeiningar um inntöku nemenda skyldu skilgreind í aðalnámskrá framhaldsskóla og útfærð nánar í skólanámskrá. Menntamálaráðherra ákvað í hvaða framhaldsskólum fornám færi fram. Við mat á því hvort efna ætti til fornáms við framhaldsskóla skyldi taka mið af fjölda nemenda og aðstæðum hverju sinni.

<http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/reglur3281997>

10. Reglugerð um námsorlof framhaldsskólakennara nr. 331/1997

Reglugerðin útfærði nánar 12. grein framhaldsskólalaga um sérstök námsorlof kennara, skólameistara og annarra stjórnenda framhaldsskóla til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Námsorlof getur annars vegar falist í fullu leyfi frá störfum í allt að eitt ár eða lækkun á vinnuskyldu innan þeirra marka og hins vegar í greiðslu fastra launa í allt að eitt ár eða greiðslu hlutfalls fastra launa sem svarar til lækkunar vinnuskyldu, ef um slíkt er að ræða. Ef sótt er um heimild til að nýta námsorlof til að stunda fjarnám við viðurkennda menntastofnun án leyfis frá starfi eða lækkunar vinnuskyldu, er heimilt, ef fallist er á veitingu námsorlofsins, að veita styrk til slíks náms til að mæta útlögðum kostnaði s.s. vegna skólagjalda og tiltekins ferðakostnaðar.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/3230>

11. Reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum nr. 372/1998

Fatlaðir nemendur í framhaldsskólum, samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, eiga rétt á kennslu og sérstökum stuðningi í námi. Stuðningurinn getur verið veittur af sérhæfðum starfsmönnum, aðstoðarfólki og/eða í formi tækjabúnaðar. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er. Víkja má frá almennum reglum um framkvæmd námsmats og fyrirlögn prófa eftir því sem fötlun nemanda gefur tilefni til samkvæmt ákvæðum í aðalnámskrá framhaldsskóla.

Kennsla fatlaðra nemenda byggir á rökstuddri námsáætlun fyrir nemendahóp eða einstaklings og getur farið fram með stuðningi inni í nemendahópi/bekkjardeild, með stuðningi utan nemendahóps eða í sérstökum námshópum að hluta eða að öllu leyti eða í sérstökum deildum við framhaldsskóla.

Skólameistari metur þörf fyrir stuðning við fatlaða nemendur í sínum skóla og skipuleggur hann í samráði við starfslíð skólans m.a. með hliðsjón af greiningu sérfræðinga á fötlun. Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun sérstakra deilda fyrir fatlaða nemendur er ekki geta nýtt sér almennt námsframboð framhaldsskóla.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/372-1998>

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

12. Reglugerð um starfslið framhaldsskóla nr. 371/1998

Árið 1998 var sett reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla samkvæmt 11. gr. laga um framhaldsskóla. Í reglugerðinni koma fram lýsingar á störfum skólastjórnenda, áfangastjóra, deildarstjóra í námsgreinum/greinaflokkum, kennara, umsjónarkennara og námsráðgjafa.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/21/21c/nr/3324>

13. „Enn betri skóli. Þeirra réttur – okkar skylda“ árið 1998

Í ritinu gerði menntamálaráðuneytið grein fyrir nýrri skólastefnu með hliðsjón af nýjum lögum um grunnskóla og framhaldsskóla til að undirbúa endurskoðun á aðalnámskrám skólastíganna sem stóð þá fyrir dyrum.

Í stefnunni er lögð áhersla á að:

- Allir nemendur sem lokið hafa grunnskóla geti hafið nám í framhaldsskóla.
- Einstaklingar sem eru að hefja framhaldsskólanám eru ólíkir hvað snertir undirbúning, þroska, áhugamál og námsgetu.
- Leitast við að tryggja að hver einstaklingur geti fundið nám við hæfi og að námshraði miðist að nokkru við eigin getu.
- Breyttar áherslur í námsframboði og uppbyggingu námsbrauta geti dregið úr brottfalli nemenda.
- Auka upplýsingastreymi til foreldra unglunga og treysta samskipti heimila og framhaldsskóla, meðal annars með útgáfu skólanámskráa.
- Nemendur geti í auknum mæli valið á milli framhaldsskóla en eru ekki lengur eins bundnir við að fara í þann skóla sem næst þeim er. Litið er á landið sem einn námsmarkað og er fjarkennsla mikilvægt atriði í því sambandi. Aðgangur að framhaldsskólanámi með fjarkennslu verður aukinn með upplýsingatækni.
- Auka tengsl atvinnulífs og skóla með fjölgun starfsnámsbrauta og þátttöku atvinnulífsins í mótun námskrafna.
- Setja ólík inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskólans. Þau byggjast einkum á kröfum um námsárangur í þeim greinum sem mestu máli skipta á viðkomandi námsbraut. Markmiðið með inntökuskilyrðum er að gera nám á hinum ýmsu námsbrautum markvissara með tilliti til lokamarkmiðs námsins og viðkomandi nemendahóps en einnig að stemma stigu við brottfalli nemenda.
- Ný skref verða ekki stigin í átt að styttingu námstíma til stúdentsprófs án þess að um meiri skipulagsbreytingar verði að ræða. Áfram verður unnið að þessu máli með hliðsjón af nýjum námskrám og reynslunni af þeim.
- Notkun upplýsingatækni verði sjálfsagt hjálpartæki í öllum námsgreinum.
- Taka upp nýja námsgrein, lífsleikni, sem skyldunámsgrein. Tilgangurinn er að stuðla að alhliða þroska nemenda og auka færni þeirra til að takast á við síbreytilegt og flókið samfélag en jafnframt varast hættur er á veginum verða, svo sem ávana- og fíkniefni.

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti->

[media/media/ritogskyrslur/enn_betri_skoli.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/enn_betri_skoli.pdf) og

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/ennbetr2.pdf>

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

14. Aðalnámskrá framhaldsskóla árið 1999

Ný aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla var gefin út árið 1999 og var hún mun viðameiri en námskráin frá 1990. Námskrár greinasviða voru gefnar út í sérheftum með mjög ítarlegum og skýrum markmiðum í öllum greinum. Með aðalnámskránni var reynt að samræma kennslu til stúdentsprófs meira en áður og dró úr forræði einstakra framhaldsskóla um mótun námsbrauta og kennsluskipan.

Helstu breytingar með námskránni voru; aukin tungumálakennsla, aukin áhersla á raungreinar, stærðfræði og íslensku sem voru skilgreindar sem kjarnagreinar í grunnskóla, nýjar námsgreinar, lífsleikni og upplýsingatækni, fleiri samræmd próf og einkunnir á samræmdum prófum notaðar við innritun nemenda í framhaldsskóla, meiri sérhæfing í námi í framhaldsskólum og almennur réttur nemenda til stöðuprófa.

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/Search.xsp?search=a%C3%B0aln%C3%A1mskr%C3%A1%20framhaldssk%C3%B3la>

15. Reglugerð um skipan starfsgreinaráða nr. 475/2001

Samkvæmt reglugerðinni skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinar sem kenndar eru í framhaldsskólum. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Í reglugerðinni eru tilgreindir einstakir starfsgreinaflokkar. Starfsgreinaráðin fylgjast með nýjungum og þróun á vinnumarkaði og í skólum. Þau gera einnig tillögur um breytingar á námskrám, mat á námi og eru ráðherra til ráðgjafar um starfsnám í skólum, fræðslumiðstöðvum og á vinnustöðum.

16. Breytt námsskipan til stúdentsprófs árin 2003 og 2004

Árin 2003 og 2004 gaf menntamálaráðuneytið út tvær skýrslur um styttingu námstíma til stúdentsprófs og breytta námsskipan. Í þeirri fyrri er gerð tillaga um að fækka námsárum til stúdentsprófs um eitt og í þeirri seinni taka tillögurnar meira mið af því sjónarmiði að stytting námstíma til stúdentsprófs megi ekki koma niður á gæðum námsins. Lagt er til að skólaárum verði fækkað um eitt en á móti er lagt til að skólaárið lengist, hluti af núverandi námi framhaldsskólans í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði verði fluttur til grunnskólans og kröfur til nemenda í stúdentsnámi verði auknar. Í skýrslunni eru settar fram tillögur að námskrárbreytingum og breyttum vinnubrögðum í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og mati á árangri breytinganna. Metin eru áhrif þeirra á starfsmannahald skólanna, hugmyndir settar fram um lausnir vandamála sem þeim kann að fylgja og áætluð fjárhagsleg áhrif. Með breytingunum er þess árangurs vænst að meðal námstími til stúdentsprófs styttest og að námið veiti jafn góðan eða betri undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Liður í því átti að vera að auka menntun kennara í námsmati og prófagerð bæði í kennaramenntun og endurmenntun þeirra. Þá átti að leggja áherslu á endurmenntunarnámskeið fyrir kennara um kennsluáferðir. Sérstaklega er rætt um vettvangsnám sem vænlegan kost og námskeiðin megi skipuleggja eftir kennslugreinum og að auka samstarf kennara um þverfaglega kennslu og þverfagleg viðfangsefni. Í skýrslunni er þessi þáttur kostnaðarmetinn og var hann áætlaður kr. 90 milljónir.

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=C63F49A7871A7CAD002576F00058D850&action=openDocument>

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/namsskipan.pdf>

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

17. Skýrsla starfsnámsnefndar - Nýr framhaldsskóli árið 2006

Nefndin var skipuð af menntamálaráðherra til að kanna og gera tillögur um hvernig mætti stuðla að aukinni aðsókn að starfsnámi, einfalda skipulag námsins og tryggja fjölbreytt framboð, sveigjanleika og samfellu í skólastarf og bæta tengsl starfsnáms á framhaldsskólastigi við grunnskóla- og háskólastig. Áhyggjur voru af því að bók- og verknám nyttu ekki jafnræðis og að jafnvel mætti tala um aðskilin námskerfi. Vinda yrði ofan af þeirri þróun, kynna starfsnám betur í grunnskólum, efla starfs- og námsráðgjöf og breyta skipulagi vinnustaðanáms og starfsgreinaráða. Styrkja skyldi samstarf skóla, vinnustaða og atvinnulífsins, auðvelda átti nemendum að fá starfsreynslu eða starfsþjálfun metna sem hluta af námi og tryggja átti að starfsnám veitti möguleika til menntunar á háskólastigi. Tillögur nefndarinnar áttu að verða starfsnámi til framdráttar og gera skólum kleift að efla starfsnám. https://nielsen.blog.is/users/da/nielsen/files/nyr_framhaldsskoli.pdf

18. Tíu skrefa samkomulagið árið 2006

Árið 2006 gerði menntamálaráðherra samkomulag við Kennarasambands Íslands um tíu verkefni sem stuðla áttu að skólaumbótum og sveigjanlegra skólakerfi á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna:

1. Endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Meginmarkmið er aukin samfella milli skólastiga, sveigjanleiki milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmiðið er betri menntun og betri námsárangur nemenda.
2. Efling kennaramenntunar er ein helsta forsenda þess að hægt sé að þróa og styrkja íslenska menntakerfið. Nefnd um framtíð kennaramenntunar er nú störfum og verður tekin ákvörðun um markvissa eflingu kennaramenntunar á grundvelli niðurstaðna hennar.
3. Framhaldsskólum verður gefinn fjögurra ára aðlögunartími til að takast á við breytta námsskipan á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna, út frá eigin skipulagi.
4. Unnið verður að eflingu endurmenntunar kennara á öllum skólastigum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna.
5. Starfsheiti leikskólakennara verður löggilt.
6. Verk- og starfsnám í grunn- og framhaldsskólum verður eftt, skipulag einfaldað og hvatt til aukinnar aðsóknar í slíkt nám.
7. Almenn braut framhaldsskólans verður endurskipulögð og eflað með víðtækum hætti, náms- og starfsráðgjöf styrkt og stuðlað verður að því að áfram dragi úr brottfalli í framhaldsskólum.
8. Námefnisgerð allra skólastiga verður eflað með nýjum lögum um Námsgagnastofnun, eflingu þróunarsjóða og námsefnisgerðarsjóðs auk aukinnar áherslu á gerð stafræns námsefnis.
9. Fjar- og dreifnám verður skilgreint með skipulegum hætti í samræmi við gæðamat í því skyni að auka sveigjanleika skólakerfisins og fjölga valkostum.
10. Aðilar vinna saman að því að starf kennara og starfsumhverfi verði aðlaðandi og eftirsóknarvert.

Settir voru á fót starfshópar um einstök atriði samkomulagsins, um fjölbreytileika og sveigjanleika í skipulagi náms og námsframboðs í grunn- og framhaldsskólum, almenna braut, verk- og starfsnám, fjar- og dreifnám og náms- og starfsráðgjöf en áður hafði nefnd um endurskipulagningu

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólustjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólustjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

kennaramenntunar hafið störf. Afrakstur þessarar samkomulagsvinnu kom síðar fram í nýjum framhaldsskólalögum og lögum um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla árið 2008 og í nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla árið 2011.

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2006/02/02/Frettatilkynning-um-samkomulag-menntamalaraduneytis-og-Kennarasambands-Islands-um-tiu-skref-til-soknar-i-skolastarfi/>

19. Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007

Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla var endurútgefin með breytingum árið 2001, 2004 og 2007. Stærstu breytingar voru gerðar í tengslum við kjarasamninga félaga kennara og stjórnenda í framhaldsskólum árin 2000 og 2005 en með þeim var tekið upp fyrirkomulag stofnansamninga í framhaldsskólunum. Þetta leiddi til þess að felld voru niður ákvæði í reglugerðinni um deildarstjóra í námsgreinum/greinasviðum og umsjónarkennara og í stað þess kveðið á um að auk þeirra föstu starfa sem tilgreind eru í reglugerðinni er skólameistara heimilt með sérstöku samkomulagi við kennara að fela þeim önnur fagleg störf eða stjórnun. Slík störf skulu varða faglegt starf kennara á grundvelli kennslugreina, námsbrauta, deilda eða annarra heildstæðra eininga eða tengjast með öðrum hætti starfsemi skólans, þjónustu hans og samskiptum við nemendur. Föst störf sem tilgreind eru í reglugerðinni eru aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, kennari og náms- og starfsráðgjafi.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/8985>

B. Síðasti áratugur 2008 – 2018

Árið 2008 urðu ákveðin vatnaskil í stefnumótun um menntamál. Í upphafi 21. aldar var ráðist í heildarendurskoðun menntakerfisins, stefnumörkun og endurskoðun löggjafar um helstu meginsvið menntamála í tengslum við vinnu að 10 skrefa samkomulagi menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands. Íslenska skólakerfið var stofnað í kjölfar Lýðveldisstofnunar með heildarendurskoðun laga um menntamál á árunum 1946-48 og einstök lög í þeim bálki höfðu þróast og breyst mishratt í rúma hálfu öld. Með lagaendurskoðun í upphafi 21. aldar var reynt að samræma og samstillta fræðslulögin. Lög um framhaldsskóla voru unnin samhliða öðrum lögum og samþykkt á alþingi árið 2008 samtímis lögum um leikskóla, grunnskóla og menntun kennara og skólustjórnenda.

1. Framhaldsskólalög nr. 92/2008

Árið 2008 voru samþykkt ný lög um framhaldsskóla og eru helstu breytingar þessar:

- Almenn markmið er að styrkja framhaldsskólastigið í íslensku menntakerfi og tryggja að gott samræmi sé í uppbyggingu þess og tengslum við önnur skólastig. Sérstaða og hlutverk skólastigsins eru undirstrikuð en þau felast m.a. í því að markmið náms á framhaldsskólastigi eru í senn almenn og sértæk og samtímis er lögð áhersla á samfélagslegt hlutverk framhaldsskóla og rétt og skyldur þeirra einstaklinga sem skólunum er ætlað að þjóna,
- Réttur nemenda til skólavistar og náms verði styrktur m.a. með fræðsluskyldu til 18 ára aldurs,
- Gildi stúdentsprófs sem undirbúnings fyrir háskólanám verði óskorað en framhaldsskólum gefinn kostur á að byggja upp sveigjanlegt námsframboð hvað inntak og skipulag náms varðar,
- Skipulag skólastarfs miðist við kröfur og væntingar nemenda þar sem sveigjanleiki námsskipulags verði stórauðinn, námsleiðum fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi og þar með draga úr brottfalli,

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

- Efla ráðgjöf og stuðning við nemendur og taka upp framhaldsskólapróf sem byggt verði á sérstökum námsbrautum,
- Veita framhaldsskólum frelsi til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggjast á sérstöðu þeirra og styrkleika og spurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum,
- Draga stórlega úr miðstýringu á námsframboði og í námskrágerð,
- Auka svigrúm og sveigjanleika við gerð námsbrautarlýsinga með því m.a. að taka upp nýtt einingamatskerfi,
- Mat á vinnu nemenda í öllu námi á framhaldsskólastigi, þ.m.t. í iðn- og verknámi, verði gagnsætt og sambærilegt og stúdentspróf á bóknáms- og verknámsbrautum jafngilt,
- Fela menntastofnunum aukna ábyrgð á að þróa námsframboð á mörkum skólastiga til að auka sveigjanleika og möguleika nemenda við flutning þeirra milli skólastiga,
- Tryggja hag og stöðu nemenda í iðn- og verknámi og starfsnámi almennt, m.a. með því að framhaldsskólar beri ábyrgð á vinnustaðanámi,
- Gæði náms verði tryggt með því að efla innra og ytra mat á skólastarfi og með stuðningi við umbætur í skólastarfi.

<http://www.althingi.is/altext/135/s/0320.html>

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

Settar voru fjölmargar reglugerðir til að útfæra lögina nánar og er fjallað um nokkrar þeirra hér fyrir neðan sem fela í sér breyttar kröfur til starfsfólks skólanna um aukna ábyrgð á námi, farsæld og skólagöngu nemenda.

2. Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla nr. 87/2008

Árið 2008 voru samþykkt ný lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla sem gera m.a. ráð fyrir því að til þess að fá að nota starfsheitið framhaldsskólakennari þurfi meistaraþrúf. Með þessu var menntun framhaldsskólakennara lengd um eitt ár. Engar breytingar voru þó gerðar á menntun starfsmenntakennara til samræmis við menntun annarra kennara. Með því að gera ríkari kröfur til kennaramenntunar er lögð áhersla á að börn og ungmenni búi við sem best uppeldis- og námsskilyrði, að færa skólastigin nær hvert öðru og stuðla að því að strax í leikskóla hefjist undirbúningur að samfellu í skólastarfi þar sem eitt skólastig tekur við af öðru.

<http://www.althingi.is/altext/135/s/0322.html>

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008087.html>

3. Reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku nr. 654/2009

Reglugerðin kveður á um rétt nemenda í framhaldsskólum sem hafa annað móðurmál en íslensku, eða hafa dvalist langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í íslensku, til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Jafnframt er kveðið á um tilhögun námsins og um námsmat. Framhaldsskólar skulu setja sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sem skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni, færni á öðrum námssviðum og af þeirri kennslu og stuðningi sem veitt er. Íslenska sem annað tungumál felur í sér þjálfun í íslensku og virka þátttöku í íslenskri menningu, menningarfærni, viðhald læsis og þekkingu í öllum námsgreinum. Viðfangsefni íslenskukennslunnar eru samræmd og samhæfð öllum námsgreinum og leitast skal við að þróa námsaðferðir og námstækni til að mæta þörfum nemenda. Miða skal við að námið treysti kunnáttu nemenda og efla skilning þeirra á hugtökum í námsgreinum til undirbúnings frekara námi í framhaldsskóla. Birta skal í

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

skólanámskrá lýsingu á áföngum sem í boði eru í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/654-2009>

4. Lög um náms- og starfsráðgjöf 2008, 2009 og 2010

Undanfarin ár hefur alþingi lögfest ákvæði um náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur:

1) Í lögum um grunn- og framhaldsskóla frá árinu 2008 stendur að nemendur eigi rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar af til þess bærum sérfræðingum (sbr. 13. gr. laga nr. 91/2008 og 37. gr. laga nr. 92/2008).

2) Í lögum um náms- og starfsráðgjöf frá árinu 2009 er starfsheitið náms- og starfsráðgjafi lögverndað (sbr. 1. gr. laga nr. 35/2009).

3) Í lögum um framhaldsfræðslu frá árinu 2010 er kveðið á um að þeim sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði laga um framhaldsfræðslu standi til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf (sbr. 8. gr. laga nr. 27/2010).

Breytingar á vinnumarkaði og þróun síðustu ára hefur gert það að verkum að val á námi og störfum er flóknara ferli en áður og aðgangur að faglegri náms- og starfsráðgjöf því mikilvægur fyrir ungt fólk sem þarf að taka ígrundaðar ákvarðanir og geta leitað að upplýsingum um nám og störf hvar og hvenær sem er. Náms- og starfsráðgjafar eru sérfræðingar í leiðsögn nemenda um persónuleg mál þeirra sem snerta námið og skólann, náms- og starfsfræðslu og ráðgjöf um náms- og starfsval.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2009035.html>

5. Ný reglugerð um sveinspróf 2009 og 2011

Á grundvelli laga um framhaldsskóla 2008 var reglugerð um sveinspróf endurskoðuð árið 2009 og aftur árið 2011. Þar er aukið við ákvæðum sem lúta að framkvæmd sveinsprófa og samræmingu þeirra. Þar eru m.a. nákvæmari atriði um uppbyggingu prófanna, einkunnagjöf, prófasýningu og sveinsprófaskrá. Einnig eru sett skýrari ákvæði um viðurkenningu á iðnmenntun erlendra einstaklinga, m.a. vegna EES samningsins.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/18028>

6. Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010

Með lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 var í fyrsta sinn sett heildstæð umgjörð um símenntun og fullorðinsfræðslu. Framhaldsfræðslan er þannig lögfest sem viðurkennt menntakerfi til hliðar við skólastigin fjögur en einkum við formlegar námsbrautir framhaldsskólans. Markmið framhaldsfræðslunnar er að veita einstaklingum með stutta formlega skólagöngu aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu og skapa þeim viðeigandi námstækifæri á vinnumarkaði. Þannig á að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og bera ábyrgð á henni, samhliða því að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna. Tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku. Þannig er reynt að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis. Með löggjöfinni á að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan formlega skólakerfisins verði metin að verðleikum og efla þannig menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi. Þar skiptir þó miklu að sköpuð séu skilvirk tengsl milli kerfis framhaldsfræðslu og skólastiga framhaldsskóla og háskóla. Samkvæmt tölum Hagstofunnar sóttu tæplega 23% landsmanna á aldrinum 25-64 ára fræðslu, annað hvort í skóla eða aðra fræðslu með leiðbeinanda árið 2017, alls 39.600 manns. Þátttaka í símenntun var mest í aldurshópnum 16-24 ára, 61,2%, sem skýrist af því að stór hluti aldurshópsins sækir framhaldsskóla- og háskólanám. Alls sóttu 27.500 manns, á aldrinum 25-64 ára, sér fræðslu eða endurmenntun utan skóla árið 2017. Þá sóttu 15.400 manns námskeið og 13.300 fengu aðra fræðslu

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

með leiðbeinanda, sóttu t.d. ráðstefnu. Um 17.100 manns á þessum aldri voru í skóla.

Mikill meirihluti þeirra sem tóku þátt í símenntun voru starfandi á vinnumarkaði, 34.900 manns. Í þessum hópi var þátttaka í símenntun utan skóla mun meiri en innan, tæp 18% sóttu símenntun utan skóla á móti rúmlega 7% sem sóttu sér símenntun innan skóla. Þessu er öfugt farið hjá þeim sem voru atvinnulausir og þeim sem voru utan vinnumarkaðar þar sem fleiri kusu að sækja sér fræðslu innan skóla en utan. Um 18% atvinnulausra og þeirra sem voru utan vinnumarkaðar tóku þátt í símenntun innan skóla en þátttaka þessara hópa í símenntun utan skóla var á bilinu 7-10%.

7. Reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010

Samkvæmt reglugerðinni skal hver skóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna. Gæði náms á að tryggja með því að efla innra og ytra mat og styðja við umbætur í skólastarfi. Virkt innra mat er samofið annarri starfsemi skóla og er umbótamiðað. Því er ætlað að auka vitund um mikilvægi gæða í öllu starfi og leiða skólastjórnendur matið.

Menntamálaráðuneyti hefur eftirlit með og annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í framhaldsskólum og er það liður í reglubundnu ytra mati á gæðum skólastarfs ásamt úttektum, könnunum og rannsóknum. Eftir að ytra mat liggur fyrir skal framhaldsskóli bregðast við niðurstöðum matsins. Samkvæmt aðalnámskrá á innra og ytra mat á skólum að ná til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverks skóla að styrkja nemendur til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun nemenda, samskiptahæfni og fleiri atriða sem m.a. tengjast grunnþáttum menntunar. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/700-2010>

8. Aðalnámskrá framhaldsskóla árið 2011

Ný aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla var gefin út árið 2011. Áhersla er lögð á að leggja mat á almenna hæfni nemenda við námslok út frá þekkingu þeirra, leikni og margvíslegri hæfni. Kennsluhættir eiga að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og að fá endurgjöf á vinnu sína. Forsenda þess að nemendur öðlist þessa margvíslegu hæfni er fjölbreytni í kennsluaðferðum, vinnubrögðum og að fjölbreyttum nemendahópum henti mismunandi aðferðir. Menntastefnan í aðalnámskránni byggist á leiðarljósum um sex grunnþætti menntunar sem eiga að fléttast inn í allt skólastarf og móta efnisval, starfshætti, vinnubrögð kennara og annarra sem starfa í skólunum. Við mat á skólastarfinu á að meta hvernig grunnþættirnir sex hafa sett mark sitt á nám, kennslu og skólastarfið í heild. Þá er það áréttað að nauðsynlegt sé að nálgast viðfangsefnin á heildstæðan hátt af faglegri víðsýni, þvert á greinar sem kalli á óhefðbundna kennsluhætti og nýstárlega nálgun í skólastarfi. Með framhaldsskólalögum og aðalnámskrá færðist námskrárgerð til skólanna sjálfra þó áfram væri hún undir eftirliti, umsögn og breytingarvaldi menntamálaráðuneytisins og síðar Menntamálastofnunar. Og með ákvæðum um fræðsluskyldu nemenda til 18 ára aldurs voru framhaldsskólar skuldbundnir að taka við þeim og veita þeim menntun við hæfi.

Aðalnámskráin gerir nýjar kröfur til kennara. Þeir eiga nú að geta skipulagt kennslu sína út frá nýjum forsendum sem fylgja grunnþáttunum sex, hafa fjölbreytilegra námsmat þar sem þeir meta þekkingu, leikni og hæfni nemenda, nýta fjölbreytilegri kennsluaðferðir og sinna nemendum á einstaklingsmiðaðri hátt en áður. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>

9. Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum nr. 230/2012

Reglugerðin tekur til nemenda sem eiga rétt á kennslu og sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

Markmið reglugerðarinnar er að nemendur:

- hafi jöfn tækifæri til náms án aðgreiningar, eftir því sem við verður komið, þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir,
- fái fjölbreytt námstilboð, kennslu og stuðning við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi og í viðeigandi húsnaði sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu,
- geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra,
- séu undirbúnir með viðeigandi hætti til að lifa sjálfstæðu lífi, þátttöku í atvinnulífi og til frekara náms,
- hafi jöfn tækifæri í framhaldsskólum í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Framhaldsskólum er skylt að sjá til þess að nemendur fái kennslu og sérstakan stuðning í námi í samræmi við metnar sérþarfir þeirra og eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerðinni.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/230-2012>

10. Lög um vinnustaðanámssjóð nr. 71/2012

Markmið laganna er að efla vinnustaðanám og fjölga tækifærum nema í starfsnámi. Sjóðurinn veitir styrki til vinnustaðanáms eða starfsþjálfunar og hvetur þannig fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gerir þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Með lögnum eru eflid og skýrð ákvæði sem þróast höfðu á grundvelli reglugerða um námssamninga og starfsþjálfun nr. 280/1997 og nr. 840/20011.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012071.html>

<https://www.rannis.is/sjodir/menntun/vinnustadanamssjodur/>

11. Hvítbók: Umbætur í menntamálum árið 2014

Menntamálaráðherra setti fram menntastefnu árið 2014 í ritinu Hvítbók: Umbætur í menntamálum með tveimur meginmarkmiðum til ársins 2018; að fleiri grunnskólanemendur nái lágmarksviðmiðum í lestri og að fleiri framhaldsskólanemendur ljúki námi á tilsettum tíma. Fjallað er um leiðir til þess að ná fram þessum markmiðunum sem voru m.a. að ráða læsisráðgjafa til starfa hjá

Menntamálastofnun, styttu nám í framhaldsskólum, endurskipuleggja starfsmenntun og vinna gegn brotthvarfi úr námi. Stofnaðir voru þrjár starfshópar sem gerðu tillögur um aðgerðir til að efla læsi, gera námstíma í framhaldsskóla skilvirkari og að efla starfsnám. Menntamálaráðherra tók einhliða ákvörðun um að styttu námstíma í framhaldsskólum um eitt ár og var hún ekki til umfjöllunar í starfshópi um námstíma.

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti->

[media/media/ritogskyrslur/hvitbok_umbætur_i_menntun.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/media/ritogskyrslur/hvitbok_umbætur_i_menntun.pdf)

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/grunnskolar/hvitbok-um-umbætur-i-menntun/>

12. Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016

Reglugerðin tekur til ábyrgðar nemenda í framhaldsskólum með hliðsjón af aldri þeirra, þroska og aðstæðum, réttinda og skyldna aðila skólasamfélagsins í allri starfsemi á vegum skóla, skólabrags, samskipta í skóla, skólareglna og málsmeðferðar vegna brota á þeim.

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla:

- Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum menntun, öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar og náð árangri í námi. Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni.
- Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum/forráðamönnum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku, nema þegar um er að ræða tilkynningarskyldu gagnvart barnaverndarlögum, vegna nemenda yngri en 18 ára. Stjórnendum skóla ber að vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum og í þeirri vinnu skal sérstaklega taka mið af aldri og þroska nemenda. Ef mál koma upp í skólanum sem tengjast óæskilegri hegðun og framkomu nemenda skal fara með slík mál skv. V. kafla reglugerðar þessarar.
- Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti ungmenna þeirra yngri en 18 ára. Starfsfólki skóla ber að taka afstöðu gegn líkamlegu, andlegu, kynferðislegu og félagslegu ofbeldi í skólanum. Ef slík tilvik koma upp skal bregðast við þeim samkvæmt stefnu skólans, sbr. III. kafla reglugerðar þessarar.
- Skólastjórnendum og kennurum ber að upplýsa foreldra nemenda yngri en 18 ára um brot nemenda á skólareglum.

Einnig skal leitast við að hafa sams konar samstarf við foreldra/forráðamenn nemenda eldri en 18 ára, þar sem við á, að fengnu samþykki nemendanna.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/326-2016>

13. Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum árið 2017

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir gerði úttektina fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og náði hún til nemenda og fjölskyldna þeirra, starfsfólks skóla, skólaþjónustu og stoðþjónustu hvers konar, rekstraraðila skóla, samtaka kennara, kennaramenntunarstofnana og ráðuneyta. Markmið hennar var að styðja við ákvarðanatöku um innleiðingu og framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla með sannreyndri þekkingu, stuðla að víðtæku sjálfsmati innan menntakerfisins og styðja við langtímaþróun menntastefnu á Íslandi.

Niðurstöður eru m.a. að núverandi löggjöf og stefnumótun fræðslufirvalda feli í sér stuðning við markmið og áherslur stefnu um menntun fyrir alla og eru þær í samræmi við alþjóðlega sáttmála og samninga sem Íslendingar hafa undirgengist. Samstaða er um þessi markmið og áherslur meðal þeirra sem sinna menntamálum og á öllum stigum skólakerfisins, en þörf er talin á skýrari leiðsögn um hvernig standa beri að því að hrinda stefnunni í framkvæmd. Nokkuð er um að mismunandi skilningur sé lagður í hugtakið menntun fyrir alla og fram kemur að flestir þeirra sem sinna menntamálum, óháð skólastigi, telja núverandi tilhögun fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár hvorki taka mið af jafnræðissjónarmiðum né hugmyndum um skilvirkni og styðji ekki við skóla fyrir alla. Einnig nefnir margt starfsfólk skóla ófullnægjandi stuðning við menntun fyrir alla og að grunnmenntun þeirra og/eða tækifæri til faglegrar starfsþróunar nýtist ekki sem skyldi til undirbúnings fyrir skólastarf í skóla fyrir alla. Tillögur úttektaraðila eru að:

- Allir sem vinna að menntamálum líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðanáms fyrir alla nemendur.

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

- Löggjöf og stefnumótun á vettvangi ríkis og sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu menntunar án aðgreiningar á grundvelli réttar hvers og eins.
- Stefna ríkis og sveitarfélaga á sviði menntunar án aðgreiningar festi í sessi stjórnskipulag og gæðastjórnunarkerfi sem stuðla að árangursríkri framkvæmd á öllum skólastigum.
- Allir starfsmenn á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi geti ígrundað og sinnt daglegum störfum sínum með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi og byggt þannig upp lærdómssamfélag.
- Fyrirkomulag fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár auki skilvirkni, jafnræði og möguleika á að framkvæma stefnu um menntun án aðgreiningar.
- Efla og samhæfa stuðningskerfi fyrir öll skólastig svo þjónustan verði samfelld í námsumhverfi menntunar án aðgreiningar.
- Grunnmenntun og fagleg starfsþróun starfsfólks skóla grundvallist á stefnu án aðgreiningar svo allir geti tileinkað sér árangursríka starfshætti.

<https://www.stjornarradid.is/menntunfyriralla>

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=da3421bd-88c0-11e7-9419-005056bc4d74>

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=cca962f5-be4f-11e7-9420-005056bc530c>

14. Skýrsla Ríkisendurskoðunar. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Skipulag og stjórnsýsla árið 2017

Í skýrslunni er bent á að þrátt fyrir áralöng fyrirheit um að efla starfsnám á framhaldsskólastigi hafa aðgerðir stjórnvalda ekki skilað þeim árangri sem stefnt var að þegar lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla voru samþykkt. Með þeim átti m.a. að efla verknám og ná fram sterkara samstarfi skóla, vinnustaða og atvinnulífsins í heild. Miðað við skólaárið 2014–15 hafði nemendum verk- og starfsnámsbrauta fækkað um 7% frá vetrinum 2008–09 og brautskráningum þeirra fækkað um 18%.

Á sama tímabili varð lítil sem engin breyting á hlutfalli skráðra nemenda á verk- og starfsnámsbrautum af heildarfjölda framhaldsskólanema, þeir voru að jafnaði um 30–32% þeirra. Mennta- og menningarmálaráðuneyti er hvatt til að beita sér fyrir því að skipulag og hlutverk starfsgreinaráða verði endurskoðað og tryggt verði að starfsgreinanevnd sinni hlutverki sínu. Samræma þurfi vinnubrögð starfsgreinaráða og efla tengsl þeirra og samráð við skóla.

Ríkisendurskoðun hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti til að meta ávinning þess að skólum verði falin skýr ábyrgð á þeim þáttum starfsnáms sem krefjast náms og þjálfunar á vinnustað. Þá hvetur Ríkisendurskoðun einnig til að notkun ferilbóka verði lögleidd á öllum stigum námsins og að ráðuneytið kanni leiðir til að efla og styrkja starfsemi Vinnustaðanámssjóðs. Hvatt er til að efla náms- og starfsráðgjöf á grunn- og framhaldsskólastigi þannig að nemendum sé leiðbeint eins og kostur er við að finna sér nám við hæfi. Með því megi m.a. draga úr brotthvarfi og óhóflega löngum námstíma.

<https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2017/04/SU-Starfsmenntun-a-framhaldsskolastigi.pdf>

II. Efnisþættir sem kalla á skóla- og starfsþróun

Í þessum kafla eru settir fram helstu efnisþættir sem hafa og munu hafa áhrif á starfsumhverfi kennara og stjórnenda í framhaldsskólum og sem kalla um leið á öflugum og markvissum starfsævilangum menntun og stoðkerfi við það skipulag. Um er að ræða meginniðurstöður starfshóps samstarfsráðs

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólustjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólustjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

sem settur var á laggirnar vorið 2017 til að rýna í helstu þarfir kennara og skólustjórnenda út frá breytingum á faglegum kröfum og starfsumhverfi með hliðsjón af inntaki regluverks um menntamál. Eingöngu eru taldir upp þeir efnisþættir sem blasa við út frá núverandi aðstæðum og áskorunum og bíður það verkefni að greina hæfni til framtíðar sem þarf að gera á stærri vettvangi.

A. Kröfur og tilmæli laga eða reglugerða

1. Reglur um fagmenntun

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla 2008 fela í sér auknar menntunarkröfur til framhaldsskólakennara. Með því að gera ríkari kröfur til kennaramenntunar er lögð áhersla á að börn og ungmenni búi við sem best uppeldis- og námsskilyrði, að færa skólastigin nær hvert öðru og stuðla að því að strax í leikskóla hefjist undirbúningur að samfellu í skólastarfi þar sem eitt skólastig tekur við af öðru. Breytingarnar hvetja starfandi kennara sem ekki höfðu lokið meistaraprófi við setningu laganna til að bæta við sig menntun til að ljúka þeim áfanga.

2. Aðalnámskrá

Í aðalnámskrá er að finna mörg nýmæli sem skólarnir aðlaga að sínu starfi og varða starfsþróun og ævilanga menntun kennara. Ákvæði um að gera nám nemendamiðaðra, setja það á hæfniprep og taka upp nýtt einingakerfi fela í sér margar faglegar áskoranir fyrir starfsþróun kennara og skólasamfélag.

Hæfniramminn og hæfnihugtakið. Íslenski hæfniramminn er samtengdur evrópska hæfnirammanum og á að byggja á trausti, gagnsæi og áreiðanleika til að auðvelda mat á námi milli landa og ólíkra kerfa. Til að svo megi verða þarf að hafa sameiginlegan skilning á hugtökum og notkun þeirra í daglegu skólastarfi. Við mat á námi milli skóla eða landa á fyrst og fremst að líta til hæfni nemandans óháð stað, stund eða tíma. Hér eru margvísleg fagleg viðfangsefni á borð við að skoða hvort hæfniviðmiðin séu nægilega lýsandi þannig að þau nýtist við mat á námi milli skóla og að þróa og útfæra námslok til að sporna gegn brotthvarfi úr námi.

Námsbrautalýsingar. Með framhaldsskólalögum fengu skólar aukið umboð til að bjóða upp á nám og móta námsbrautir sem best eru taldar henta nemendahópi þeirra. Að útfæra nám og námskrár í samræmi við kröfur um stigvaxandi hæfni og sem endurspeglar um leið grunnþætti náms, krefst yfirgripsmikillar þekkingar og þjálfunar. Fræðsla og þjálfun þarf að vera til staðar um útfærslur á þekkingu, leikni og hæfni og hvernig tengja má þau hugtök enn skýrar við starf á vettvangi.

Samstarf og brúarsmíð. Aðalnámskrá opnar einnig á margskonar möguleika til að byggja brýr á milli skóla og kerfa s.s. við fræðsluaðila sem sinna námi fullorðinna eða við atvinnulíf og nærumhverfi. Skólunum er m.a. falið að byggja upp sveigjanlegt námsframboð hvað varðar inntak og skipulag náms og að auka sveigjanleika á mörkum skólastiga, s.s. með kynningum, þróunarverkefnum og auknu samstarfi. Einnig að meta nám og reynslu sem aflað er utan formlega skólakerfisins og að skapa skilvirk tengsl milli framhaldsfræðslu/náms fullorðinna og framhaldsskóla.

Kröfur um aukið og fjölbreytt samstarf kennara þvert á greinar, skóla, kerfi og við margskonar hagsmunaaðila í nærumhverfi kallar á meiri þjálfun í samskiptum við ólíka hópa. Einnig kallar aukið samstarf á meiri fræðslu um vinnu teyma, skipulag og stjórnun verkefna.

Ferilbækur og skráning á hæfni. Þá gerir aðalnámskrá kröfur um breytt vinnulag ýmissa hópa framhaldsskólakennara og mun meira samstarf. Má þar nefna tungumálakennara að fylgja evrópska tungumálarammanum og um nýtt vinnulag starfsmenntakennara varðandi ferilbækur fyrir nám og námsmat, þekkingu á kerfum, aukna ábyrgð og skyldur í námi nemenda, tengsl og samstarf við

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

vinnustaði, atvinnulífið og vinnustaðakennara.

3. Skólanámskrá

Vel útfærð skólanámskrá er grunnur að skólastarfinu og þar sést stefna skólans, vinnulag og sérstaða. Skólanámskráin byggir á regluverki um skólastarfið og þar eru þætt saman mörg og oft ólík atriði, sem þurfa að endurspeglast í öllu skólastarfinu. Í skólanámskrá birtist sýn skólans, stefna, áætlanir og markmið. Markmiðin snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Kennarar taka þátt í umfjöllun um sýn, stefnu, áætlanir og markmið skóla og útfæra á faglegan hátt fyrirmæli menntalaga og skólastefnu. Einnig er birt í skólanámskrá stefna skólans í einstökum málefnum, svo sem forvörnum og heilsusamlegum lífsháttum.

Allir þessir þættir gera auknar kröfur til fagmennsku kennara og stefnumiðaðrar vinnu um sýn, hlutverk og leiðir. Kennarar þurfa því bæði að fylgjast með þróun kennslu í faggreinum sem og þróun menntastefnu, þróun stefnumótandi aðferða, uppsetningu markmiða og aðgerða og mælinga á árangri eða áhrifum.

4. Innra og ytra mat

Margvísleg vinna við að þróa aðferðir fyrir innra mat skólanna og að fylgja eftir niðurstöðum bæði innra og ytra mats, felur í sér breytingar hvað varðar kröfur um nýja þekkingu kennara og að innra mat breyti starfi þeirra. Matsvinnan felur í sér markvisst samstarf kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda til að setja fram úrbótaáætlanir og fylgja þeim eftir. Kennarar þurfa að þekkja vel til matstækja og taka þátt í að þróa matsaðferðir.

5. Hærri sjálfræðisaldur og samskipti við foreldra

Fræðsluskylda til 18 ára aldurs þýðir að allir 16-18 ára nemendur sem vilja sækja nám í framhaldsskóla eiga rétt á að komast inn í framhaldsskóla. Hærri sjálfræðisaldur nemenda gerir kröfu um aukna upplýsingaskyldu kennara til foreldra og forráðamanna um hag og námsframvindu nemenda. Gera má ráð fyrir auknu foreldrasamstarfi fyrstu tvö árin í framhaldsskóla og þurfa kennarar meiri fræðslu um regluverkið og réttindi og skyldur allra hlutaðeigandi. Breyttar áherslur í foreldrasamstarfi gera þær kröfur að kennarar séu vel að sér í viðtalstækni, stýringu samtala, stjórnsýslulögum, lögum um persónuvernd ásamt lögræðislögum.

6. Menntun fyrir alla

Í aðalnámskrá koma fram með afgerandi hætti breyttar kröfur til framhaldsskólakennara. Þar kemur fram að þeir gegni lykilhlutverki, ekki aðeins í kennslu sinnar námsgreinar, heldur einnig hvað varðar velferð nemenda. Á kennurum hvílir sú skylda að veita öllum nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og frjóa hugsun, tileinka sér heilbrigða lífshætti, skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi. Í námskránni er rætt um hraðar breytingar í íslensku samfélagi undanfarin ár sem geri meiri kröfur til skóla um að aðstoða samfélagið við að átta sig á breytingunum og takast á við nýjar aðstæður. Allt þetta auki kröfur til kennara, bæði við að greina samfélagsbreytingar, fella starfsemi skólanna að þeim á ábyrgan hátt og að taka þátt í viðtæku sjálfsmati innan menntakerfisins.

Mikilvægt er að vinna með niðurstöðum í úttektarskýrslu Evrópumíðstöðvar um menntun fyrir alla en þar kemur fram: ..einnig nefnir margt starfsfólk skóla ófullnægjandi stuðning við menntun fyrir alla og að grunnmenntun þeirra og/eða tækifæri til faglegrar starfsþróunar nýtist ekki sem skyldi til undirbúnings fyrir skólastarf í skóla fyrir alla.

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

7. Náms- og starfsráðgjöf

Framhaldsskólalög 1996 og 2008 kveða á um rétt nemenda til náms- og starfsráðgjafar. Náms- og starfsráðgjafar veita ráðgjöf bæði um náms- og starfsval og leiðbeina nemendum í persónulegum málum þeirra er varða námið. Þeir sinna verkefnum er varða líðan, stöðu og námsvenjur nemenda, halda utan um náms- og starfsfræðslu og vinna með styrkleika og áhugasvið. Í skýrslu til menntamálaráðuneytisins um „Grunn að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi“ (2015) er lögð áhersla á ævilanga náms- og starfsráðgjöf, samstarf kerfa og aðgengi að þjónustunni óháð aldri. Þar er lögð sérstök áhersla á sameiginlegt vefsvæði, lifandi vefgátt með réttum/uppfærðum upplýsingum um námsframboð, starfslýsingar og áhugasviðskannanir, sem tæki til að auðvelda ákvörðunartöku.

Efnisþættir sem varða starfsþróun náms- og starfsráðgjafa felast meðal annars í að hjálpa nemendum að átta sig á áhugasviðum sínum og tengja við nám og störf. Einnig að setja sér markmið í námi, tileinka sér vinnubrögð og námstækni og efla sjálfstraust og samskiptahæfni. Ráðgjafar þurfa auk þess að þekkja möguleika rafrænnar ráðgjafar og margskonar fjarvinnu með nemendum sem reiða sig á réttar og uppfærðar upplýsingar um nám, störf og vinnumarkað og að eiga margvíslegt samstarf við aðila utan skólans sem varða nemendur, menntun þeirra og farsæld.

8. Forvarnir, farsæld og rödd nemenda

Aðalnámskrá gerir ráð fyrir að framhaldsskólar setji sér áætlanir um einelti, heilsuvernd, hollustuhætti og forvarnir nemenda. Heilsueflandi framhaldsskóli er dæmi um forvarnaverkefni í tengslum við embætti andlæknis. Verkefnið tengist einnig könnunum Rannsókna og greiningar auk Framhaldsskólalámsins. Forvarnagildi þess virðist mikið og vera fallið til að fylgja eftir því starfi sem fram fer í grunnskólum.

Kennarar þurfa að afla sér þekkingar á þessu sviði, hvernig megi setja fram og vinna eftir eineltisáætlunum og efla færni til að greina stöðu og taka á slíkum málum. Einnig þurfa kennarar að vera vel að sér í því að rýna með markvissum hætti í niðurstöður kennslukannana um hvernig nemendur meta hvað vel er gert og hvað megi betur fara. Á sama hátt er hægt að kanna líðan og viðhorf nemenda til námsins og skólans í rannsóknaniðurstöðum Ungt fólk og nýta til umbóta í skólastarfinu.

9. Samþættir áfangar og samstarf

Með aðalnámskrá er þó nokkuð um að fleiri en einn kennari kenni samþætta áfanga. Þessir áfangar reyna á sérhæfða kunnáttu einstakra kennara og er það gott dæmi um breytingar á starfi kennara sem vinna nú meira saman þvert á greinar og samræma nálgun og vinnulag. Þetta reynir á að þróa þverfaglegar kennsluáferðir og samstarf þvert á greinar.

B. Starfsmenntun - vinnustaðanáám

Innan mennta- og menningarmálaráðuneytis er nú unnið að endurskoðun á regluverki starfsmenntunar til að einfalda kerfið og gera það skilvirkara. Efling starfsnáms hefur verið lengi á dagskrá og leitað hefur verið leiða að auka fjölda nemenda sem velja sér starfsnámsbrautir og auka hlut kvenna í iðn-, tækni- og verknámi. Í hvítbók er lögð áhersla á að koma á markvissu og skilvirku starfsnámi sem höfðar jafnt til yngri sem eldri nemenda, efla vinnustaðanáám og skapa aðstöðu fyrir alla nemendur til að ljúka námi. Nokkur verkefni á vegum ráðuneytis eru komin vel á veg og varða innleiðingu rafrænna ferilbóka og meiri formfestu í samstarfi skóla og vinnustaða við starfsþjálfun nemenda og vinnustaðanáám. Innleiðing ferilbókanna felur í sér nýtt vinnulag þar sem allri hæfni

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.


nemenda er safnað markvisst saman af öllum þeim sem koma að verklegri þjálfun og uppbyggingu á hæfni nemandans. Starfsmenntakennarar munu þurfa aukna þjálfun í notkun á verkfærinu og ef vel tekst til um innleiðingu ferilbókarinnar má gera ráð fyrir að allir nemendur geti nýtt tæknið/aðferðina til að halda utan um færniþróun í starfsnámi. Notkun rafrænu ferilbókarinnar breytir vinnulagi kennara þar sem gögn færast af pappírnum inn í rafrænt samskipta- og skráningarkerfi og tryggja þarf þjálfun og endurmenntun í notkun kerfanna.

C. Fjölmenningarumhverfi

Ísland er fjölmenningsarsamfélag og fjöldi útlendinga sem dvelja hér og starfa hefur aukist. Nemendum með annað móðurmál en íslensku hefur einnig fjölgað jafnt og þétt í skólakerfinu. Niðurstöður kannana sýna að nemendur af erlendum uppruna standa höllum fæti í íslensku skólakerfi. Um það vitna bæði niðurstöður PISA könnunarinnar og skýrsla norrænu ráðherranefndarinnar 2018. Leita þarf leiða til að þróa betur námsþjónustu og stuðning innan framhaldsskólanna sem tryggir hag þessa hóps og stuðlar að farsælli námsframvindu.

Þróun fjölmenningsarsamfélagsins gerir auknar kröfur til kennara um að starfa í fjölmenningarlegum skóla, þekkingu á margvíslegri menningu og að kennarar geti aðstoðað nemendur á mismunandi tungumálum, kennt íslensku sem annað tungumál, veitt stuðning og átt samstarf við forráðamenn nemenda og ýmsa aðila utan skólans. Líta má til reynslu annarra landa til að sjá hvernig stjórnvöld og skólar geta stutt við nemendur af erlendum uppruna. Einnig má skoða hvernig móttökuáætlun skóla nýtist nemendum með annað tungumál en íslensku sem best og hvernig vinna má gegn brotthvarfi. Í drögum að fjármálaáætlun 2019-2023 er mælt til að framhaldsskólar yfirfari verklag sitt, móttökuáætlun og stuðningsaðgerðir við nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Ljóst er að allt skólasamfélagið og stjórnvöld þurfa að efla þjónustuna og auka gæði náms og stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Á vef Hagstofu Íslands má fá ýmsar upplýsingar um skólahlald á Íslandi. Ekki er hægt að fá beinar upplýsingar um fjölda framhaldsskólanemenda með erlent móðurmál. En af ýmsum gögnum má ráða að fjölgun nemenda af erlendum uppruna er mikil. Hér eru birtar þrjú myndir sem gefa vísbandingu í þessa átt.




Mynd 1. Fjöldi grunnskólanemenda sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórna: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórna í framhaldsskólum, maí 2018.



Mynd 2. Fjöldi framhaldsskólanemenda sem læra íslensku sem annað tungumál.



Mynd 3. Fjöldi nýnema í framhaldsskóla sem eru skráðir sem innflytjendur.

D. Gerð náms- og kennsluefnis

Opinber stuðningur við námsbókaútgáfu á framhaldsskólastiginu er enginn nema í gegnum verkefni sem Þróunarsjóður námsgagna styrkir. Mikil þörf er á að bragarbót verði gerð í námsefnisgerð á framhaldsskólastiginu en námsefnisgerð, einkum fylgiefni með námsefni, er oft í höndum framhaldsskólakennaranna sjálfra. Þörf er á aukinni þekkingu í gerð kennsluefnis, aðlögun að nemendahópum, mati á gæðum námsefnis, að nýta námsefni í kennslu með fjölbreyttum hætti og á möguleikum sem ný tækni veitir við gerð og miðlun námsefnis.

E. Upplýsingatækni og fjórða iðnbyltingin

1. Tölvur í skólastarfi og notkun netsins

Notkun upplýsingatækni og þróun á rafrænu námsefni gerir þær kröfur til kennara að þeir kunni á helstu forrit og fylgist með straumum og stefnum í upplýsingatækni. Þá gegna kennarar vaxandi

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

hlutverki í því að leiðbeina nemendum um líf í breyttu tækniumhverfi, efla dómgreind, gagnrýna hugsun, samskiptahæfni og að nýta og þróa þekkingu sína. Gera má ráð fyrir auknum samskiptum á netinu samhliða vinnu í kennslurými. Ör þróun upplýsingatækninnar gerir kröfur til allra notenda um leið og möguleikar aukast til muna á margskonar þekkingarvinnslu eins og öflun, geymd og miðlun upplýsinga. Kennarinn er í lykilhlutverki gagnvart nemendum að kenna umgengni um rafræn gögn, meta gildi þeirra og átta sig á öryggi og persónuvernd.

2. Námsstjórnarkerfi

Með innleiðingu upplýsingakerfisins Innu og annarra námsstjórnarkerfa í framhaldsskólum eru gerðar auknar kröfur um skráningar kennara og faglegar kröfur um framsetningu efnis. Í upplýsingakerfum er haldið utan um skipulag náms, skráningu nemenda, stundatöflu- og prófagerð, námsferil og einkunnir. Algengt er að námsáætlanir, öll verkefni og próf séu aðgengileg á Innu. Kennarar búa til reiknireglur um vinnu nemenda í áföngum á grundvelli vinnumats sem fylgja hverjum áfanga, setja öll verkefni í INNU og hafa þar samskipti við nemendur og forráðamenn þeirra. Námsstjórnarkerfi gera því ráð fyrir að kennarar verji tíma í skráningu upplýsinga og að þeir hafi fleiri tæknilega þætti á valdi sínu.

Efla þarf jafningasamstarf til að miðla möguleikum upplýsingatækni í öllu skólastarfi um leið og aðgengi að sérfræðingum og samstarfsneti er greiður. Einnig má líta til þátttöku í Menntamiðju og fleiri netsamfélaga þar sem kennarar vinna saman.

3. Þróun fjórðu iðnbyltingarinnar

Þróun fjórðu iðnbyltingarinnar með auknum samskiptum við tölvur, vitvélur og vinnu innan sýndarveruleika, gerir auknar kröfur til allra um að fylgjast með og átta sig á meginlínunum og áskorunum. Stafrænar lausnir munu setja spor sín í öllu skólakerfinu og breyta kennsluformi og námsumhverfi. Nýta þarf fjölbreytta möguleika tækninnar í náms- og skólasamfélaginu og skapa frjótt lærdómsumhverfi sem mætir breyttum kröfum og styður nemendur í að ná námsmarkmiðum sínum á margvíslegan hátt. Fjórða iðnbyltingin getur falið í sér breytingar á störfum og gert kröfu til öðruvísi hæfni en kemur fram í námskrám og námsbrautalýsingum. Því er brýnt að halda í við þróunina svo að nemendur öðlist hæfni til að sinna þekkingarsköpun og störfum nútíðar og framtíðar.

F. Nýsköpun og breytingahugsun

Að vera skapandi er ein af grunnstoðum menntunar og ætlað að endurspeglast í öllu skólastarfi. Brýnt er að örva nýsköpunarhugsun því hún er nátengd hugviti og þekkingardrífni samfélagi. Það að læra snýst um að taka breytingum s.s. að hugsa öðruvísi og framkvæma á annan hátt. Kennarar geta verið þetta afl breytinga. Í núverandi stjórnarsáttmála ríkisstjórnar segir: „Nýsköpun og þróun verður að efla á öllum skólastigum enda er menntun kjarninn í nýsköpun til framtíðar“. Nýlega kom fram að fjöldi umsókna frá íslensku hugvitsfólki til Einkaleyfastofu hefur fækkað um 40% frá 2007-2017. Rýna þarf í þessa stöðu og brýnt er að allir sem tengjast vinnu með ungu fólki endurskoði sitt verklag og áherslur með það í huga að örva skapandi starf. Lengi býr að fyrstu gerð og því er það áskorun fyrir þá sem vinna með börnum og ungu fólki að örva nýsköpun, hugmyndaauðgi og hugmyndir sem þróast geta í allar áttir.

G. Skólaþróun og rannsóknir

Aðalnámskrá gerir ráð fyrir aukinni áherslu á skólaþróun og ýmsa sameiginlega þætti í fagmennsku kennara. Hér má sjá nokkrar aðferðir sem tengjast starfi kennarans og líta má til sem hluta af stuðningskerfi starfsþróunar innan skólanna:


Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

- Starfendarannsóknir: hvetja til þátttöku í starfendarannsóknum og kynningum og umræðum á niðurstöðum þeirra. Mikilvægur þáttur í eflingu lærdómssamfélags innan skólanna.
- Þátttaka í innlendum og erlendum þróunar- og samstarfsverkefnum.
- Fylgjast með faglegri umræðu og rannsóknum. Taka þátt í rannsóknum annarra.
- Þátttaka og uppsetning smiðja og málstofa.
- Heimsóknir í aðra skóla og til annarra kennara. Að fylgjast með vinnu í öðrum skólum.
- Vettvangsnám.
- Hafa áhrif á þróun starfsumhverfis og aðstöðu til að efla samvinnu og samráð.

H. Innlent og erlent samstarf

Í aðalnámskrá er hvatt til margskonar samstarfs og þróunarverkefna, innlendra sem erlendra. Í kafla 13.6 er sagt: „Mikilvirk leið við að virkja ákvæði um grunnþætti í skólastarfi eru ýmis samstarfsverkefni við innlenda sem erlenda aðila. Þetta geta til dæmis verið samstarfsverkefni við aðra skóla, nærsamfélagið og félagasamtök. Ýmsir möguleikar eru á samstarfsverkefnum milli skóla innanlands sem utan auk nemendaskipta. Enn fremur gefst starfsfólki framhaldsskóla oft kostur á þátttöku í ráðstefnum, rannsóknavinnu og alþjóðlegum samkeppnum skóla. Alla þessa þætti má nýta við að virkja félagsleg og menningarleg tengsl nemenda við samfélög nær og fjær, auk þess að efla vitund þeirra um sjálfbærni, læsi og sköpun.“

Þátttaka kennara og nemenda í evrópskum samstarfsverkefnum á sviði menntunar er líkleg til að auka víðsýni og opna gáttir að umheiminum. Þátttaka Íslendinga í evrópskum verkefnum hefur verið góð og fjöldi umsókna frá öllum skólastigum berst árlega í samkeppnissjóði Erasmus+ evrópuáætlunarinnar. Að þróa verkefnahugmyndir og setja upp evrópsk samstarfsverkefni á sviði starfsþjálfunar, þróunar kennsluhátta eða í gerð kennsluefnis, er því eftirsóknarverð hæfni meðal kennara sem vert er að þjálfja og styðja við. Hér má sjá mynd af þátttöku eftir skólastigum en kerfisbreyting verður á skilyrðum fyrir styrkveitingu árið 2014 á þann veg að einstaklingar gátu ekki lengur sótt um og aukið fé var sett bæði í áætlanirnar og til háskólastigsins.



Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

I. Kjarasamningar

Árið 2014 gerði fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs nýjan kjarasamning við Kennarasamband Íslands vegna framhaldsskóla. Markmið þess samnings var að skapa starfsskilyrði til að markmið laga um framhaldsskóla 2008 mættu ganga eftir. Það var gert með því að færa útfærslur á faglegu starfi frá samningsaðilum og til skólanna með upptöku vinnumats á störfum kennara, niðurfellingu á skilum kennslu- og prófadaga og lengingu skólaársins. Í kjölfarið hafa vinnuskyldur kennara og skólastjórnenda breyst, námsmatsdögum hefur oft fækkað og álag á aðstoðarskólastjórnendur aukist með auknum vinnuskyldum við útreikning vinnumats kennara.

J. Fagleg endurmenntun

Samkvæmt kjarasamningi KÍ/framhaldsskóla við ríkið frá 2014 er vinnutíma kennara skipt upp í þrjá þætti og er samspil vinnuþátta í vinnumati og sundurliðun vinnutíma eftirfarandi: „Grundvöllur að vinnumati kennara er almenn ársvinnuskylda sem reiknast 1.800 klst. á ári að frádregnu lágmarksorlofi og helgidögum. Ársvinnuskyldunni er deilt upp í sérgreinda vinnuþætti. Þessir vinnuþættir sem verða þættir A, B og C reiknast með eftirfarandi hætti:

Þáttur A byggir á vinnumati þeirra áfanga sem kennari tekur að sér á hverjum tíma og er í grunn 1.440 klst. á ári. Þá hefur fastur hluti í B þætti, 360 klst. Verið dreginn frá ársvinnuskyldunni. Taki kennari að sér verkefni eða viðbótarstörf samkvæmt þætti C eða verði almenn aukning í þætti B þá minnkar stundafjöldi í A þætti samsvarandi.

Þáttur B byggir á föstum störfum sem allir kennarar þurfa að sinna til viðbótar við kennsluþáttinn. Stærð B þáttar er að lágmarki 360 klst. á ári. Hverjum skóla um sig er heimilt að auka tímabundið við þennan þátt allt að 40 klst. á ári enda dragi þar með samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu hvers kennara.

Þáttur C byggir á sérstökum verkefnum eða viðbótarstörfum sem kennari tekur að sér í samráði við skólameistara. Tiltekinn tími sem verkefnum/viðbótarstörfunum er ætlaður dregur samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu viðkomandi kennara.

Þessu til viðbótar hafa kennarar 2 vikur utan starfstíma skóla til starfsþróunar eða 80 klst. Skólastjórnendur og náms- og starfsráðgjafar hafa jafnlangan tíma og skal umbúnaður um starf þeirra vera með þeim hætti að þeir geti nýtt sér þennan tíma.

K. Fjárframlög til starfsþróunar

Starfsþróun er mikilvægur hluti verkefna framhaldsskólakennara sem ríkið fjármagnar. Fé til Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara kemur á fjárlögum en sjóðurinn er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis. Framlag í sjóðinn hefur verið ríflega 40 millj. kr. undanfarin ár.

Dæmi um önnur starfsþróunarverkefni framhaldsskólakennara á vegum ráðuneytis eru:

- 1) mánaðarleg framlög í Vísindasjóð FF og FS sem nema 1,72% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna KÍ í framhaldsskólum (hátt á 2. hundrað millj. kr. árlega),
- 2) lögbundin framlög í námsorlofssjóð kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda í framhaldsskólum (um 170 millj. kr. árlega),
- 3) tímabundnir þróunarstyrkir til framhaldsskóla, t.d. vegna ákvæða í kjarasamningum eða vegna nýbreytniverkefna (s.s. UT, skólanámskrár og ný menntastefna).

Starfshópur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: Faglegar kröfur til kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum, maí 2018.

III. Lokaorð

Brýnt er á tímum breytinga og þjóðfélagshræringa að setja menntamál í forgang. Hröð tækniþróun hefur áhrif á öll svið mannlífsins og einnig á birtingarmynd og umgjörð menntunar og skólastarfs. Kennarastarfið og kennaramenntun er lykilþáttur í hvernig til tekst við framkvæmd menntastefnu og í aðalnámskrá segir að „engin raunveruleg þróun verður í skólastarfi nema fyrir tilstuðlan kennara og skólastjórnenda.“ Fagstéttir kennara og skólastjórnenda bera hitann og þungann af skólastarfinu og þar eiga hinar raunverulegu breytingar sér stað í tengslum við þróun starfshátta. Menntakerfið í heild stendur frammi fyrir fjölda áskorana sem mæta þarf af fagmennsku og einurð ef Ísland á ekki að dragast aftur úr í alþjóðlegum samanburði og verðmætasköpun. Allir þurfa því að leggjast á eitt og endurhugsa og endurskapa leiðir sem koma Íslandi í fremstu röð lærdómssamfélaga og byggja undir nýsköpun, hugvit og verkfærni.

Næsta verkefni blasir við, en það er tvíþætt. Í fyrsta lagi þarf að skoða hvað af því sem hér er nefnt kallar á starfsþróun kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda í framhaldsskólum og hvernig byggja megi ævilangt nám inn í kennarastarfið og í öðru lagi að útfæra stoðkerfi við menntun og starfsþróun fagfólks til að tryggja að breytingar geti gengið eftir. Jafnframt er tilefni til að leggja niður hvernig beri að skipuleggja skólastarfið og menntakerfið í heild svo að fjölþætt og brýn starfsþróun sem er í gangi haldi áfram að þróast og verði öflug.

Ekki er auðvelt að svara því hvaða hæfni kennarar, náms- og starfsráðgjafar og stjórnendur í framhaldsskólum þurfi að búa yfir í síbreytilegu starfsumhverfi. Enginn veit nákvæmlega hvernig skóli morgundagsins verður en þó er vitað að hann verður um margt ólíkur skólanum í dag – aðallega vegna þess að væntingar nemenda og samfélagsins til skólastarfs breytast. Í stað þess að bíða og taka við breytingum, er verðugt verkefni að styðja við valdeflingu kennara og stjórnenda í framhaldsskólum og búa til verkfæri til að mæta síbreytilegum kröfum svo þeir geti skapað störfum sínum hagfellda framtíð. Við gerum það m.a. með því að horfa á ýmsa vísa sem til eru um þá líklegu framtíð sem bíður okkar – og stofna til skipulegrar samræðu kennara og stjórnenda um efnið og þróun skólasamfélagsins.

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda vinnur út frá nýjum skilgreiningum á starfsþróun fagstétta í skólakerfinu. Ljóst er að ekki þarf aðeins að auka faglega starfsþróun og gera hana fjölbreyttari heldur þarf líka að byggja upp stuðningskerfi við starfsþróun til að fylgja breyttum áherslum eftir.